

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

ÁGÚST 2007



8. tbl. 14. árg.


Lyf & heilsa
Mjódd
Ópið virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14


Nýtt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600

Lyfjaval
A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga

**Betra Breiðholt fylgir
Breiðholtsblaðinu**



Gestir skoða einn af fimm fallegustu gördum í Reykjavík 15. júlí sl. Garðurinn er við Rituhóla 13. Alls komu rúmlega 500 manns til þess að skoða garðana þennan dag.

Fimm fallegustu garðar Reykjavíkur í Breiðholti

Fimm fallegustu garðar Reykjavíkur eru í Breiðholti. Þrír þeirra eru auk þess við sömu götuna, við Rituhóla 9, 10 og 13. Einn garðurinn er við Bláskóga og annar við Jakasel.

Garðyrkjufélag Reykjavíkur metur garða Reykvíkinga í árlegri skoðun og gafst borgarbúum kostur á að skoða fallegustu garðana

að mati dómnefndar félagsins 15. júlí sl. Á meðal gesta voru Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Guðrún Kristjánsdóttir, kona hans og fengu þau sér göngutúr til þess að skoða garða nágranna sinna.

Að sögn Ragnildar Bjargarar Guðjónsdóttur, garðeiganda í Rituhólum 13 hefur orðið mikil almenn vakning og aukinn áhugi

íbúa í Breiðholti að hugsa vel um garða sína og nærumhverfi. Hún segir einstaka stemningu ríkja í Rituhólum þar sem allir leggja sig fram um að hugsa mjög vel um garða sína og hús og leggja metnað sinn í að hafa snyrtilegt í kringum sig. „Íbúarnir koma einnig til liðs við borgina með því að huga að svæðum sem tilheyra borginni

slá, kantskera og sópa ef þörf krefur. Árangurinn leynir sér ekki, því gatan og nágrennið er snyrtilegt ásýndar og til fyrirmyndar í alla staði. Þetta samræmist einnig vel þeirri náttúruperlu sem þeir ligga að í hlíðum Elliðaárdalsins," segir Ragnildur." Fleiri myndir úr fallegum gördum í Breiðholti eru á bls. 8.

Apótekið í Hólagarði er opið:

mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogli • Hólagarði • Hagkaup Skeifunní • Hagkaup Akureyri

Glæsilegt kjöt- og fiskborð

Grillkjöt í miklu úrvali



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

*Eina kjötbordðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

8. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti



Ofbeldi

Ofbeldi verður sífellt algengara hér á landi. Ofbeldi á sér stað á mörgum stöðum í samfélaginu; í samskiptum fólks í nætur- og skemmtanalífinu, í umferðinni, inni á heimilunum og jafnvel á vinnustöðum. Ofbeldið á sér ýmsar orsakir og rætur og það birtist í mörgum myndum. En hvað er það í samfélagi þar sem flestir eiga að hafa aðstöðu til þess að efla lífsskilyrði sín og njóta ávaxta af lífi sínu og störfum sem veldur því að ofbeldi einstaklinga í annarra garð vex stöðugt.

Landlægir notkunarhættir Íslendinga á áfengi eiga sinn þátt í ofbeldi og við það bætist vaxandi vandi vegna annarra vímuefandi efna. Ofbeldi fylgir einnig að einhverju leyti auknum tækifærum og bættum lífsskilyrðum. Hraði og innbyggð græðgi lífsnautnasamfélagsins er farin að ala af sér ofbeldisfulla hegðun. Samkeppni einstaklinga og samanburður um lífsskilyrði og lífsstíl leggja á hugi fólk með þeim afleiðingum að það tekur að bera þungan hug til samborgara sinna, einstaklinga eða samfélagsins sem heildar. Fólk fær útrás fyrir minnimáttarkennd og öfund, einkum þegar hjálparefna skemmtanalífsins hefur verið neytt og höggin og spörkin látin dynja á þeim sem næstir eru - jafnvel án nokkurs sýnilegt tilefnis.

Hlutverk lögreglunnar er að vernda hina almennu borgara fyrir þeim einstaklingum sem virða hvorki lög eða reglur né hefðbundin og viðurkennd takmörk í umgengni og samskiptum við annað fólk. Starfsvettvangur löggæslufólks er ekki alltaf öfundsverður. Oft er bæði um erfið verk og vanþakklát að ræða. Stundum þarf að beita aflmunum þegar fólk tekur ekki forðum og þá þarf oft að fara eftir hárfinni línu í samskiptum löggæslu og hinna óróasömu. Línu sem getur verið vandfundin á heitum augnablikum og gerir miklar kröfur um starfshæfni og starfsgetu þeirra sem til löggæslustarfa veljast.

En það er ekki einvörðungu hæfni einstaklings eða félagsheildar í löggæslunni sem skiptir máli þegar takast þarf á við ofbeldi hvort sem það er á götum úti eða á öðrum vettvangi. Þar koma skipulag og starfshættir einnig við sögu. Lengi hefur verið gagnrýnt hversu lítið er um sýnilegt löggæslufólk á vettvangi þar sem hætta er á ofbeldissömum athöfnum og atburðum. Fyrir skömmu lýsti ágætur aðstoðaryfirlögrelupjónn í Reykjavík því í sjónvarpsviðtali að lögreglan færi um í bílum og sæti við eftirlitsmyndavélur. Með öðrum orðum að hún lægi svona í leyni á verðinum án þess að fólk yrði hennar beinlínis vart.

Þar er komið að ákveðnum kjarna í þessu máli. Löggæsla sem liggur í leyni og biður eftir því að grípa inn í á vettvangi þegar ofbeldi hefur brotist út er ekki fyrirbyggjandi. Hún tekst á við afleiðingar í stað þess að koma í veg fyrir atburði. Hún dregur barnið upp úr brunnum og byrgir kannski eftir á en kemur ekki í veg fyrir að það detti ofan í hann. Nýlega ráðinn lögreglustjóri í Reykjavík hefur þó unnið gott starf til þess að gera löggæsluna sýnilegri. Stundum má mæta löggæslumönnum röltandi á Laugaveginum eða að spjalla við vegfarendur. Það er af hinu góða en það hlýtur aðeins að vera fyrsta skrefið að stærra markmiði.

Ofbeldi í samskiptum fólks í Reykjavík og annars staðar hér á landi er orðið alvarlegra en svo að eftir á byggðar aðgerðir og varmir dugi til þess að vernda einstaklinga. Því ríður á að auka fyrirbyggjandi starf á sem flestum sviðum. Einn þáttur þess að löggæslan verði sýnilegri. Að löggæslufólk starfi á meðal samborgaranna úti á vettvangi hvort sem er á degi eða nóttu.

Löggæsla dugar þó ekki ein og sér til þess að vinna gegn því samfélaglega meini sem ofbeldið er hversu góð sem hún kann að vera. Mikilvæg verkefni bíða félags- og sálfræðinga við að rannsaka rætur og þróun ofbeldis. Einnig er nauðsynlegt að fram fari opin og alvarleg umræða um þessi mál á breiðum grunni þar sem allir þættir þess koma við sögu. Fjölmíðlar hafa verk að vinna í þessu efni. Fjalla þarf um ofbeldi í skemmtanalífinu, ofbeldi í umferðinni og síðast en ekki síst það ofbeldi sem erfiðast er að fást við og fer fram á heimilum landsmanna í skjóli fjölskyldna og fjögurra veggja. Það verður ekki gert með æsifréttnum heldur fremur vönduðum fréttaskýringum eins og Kastljós Rúv. en þó einkum Kompás Stöðvar 2 hafa reynt að vinna. Ljóst er að mikið upplýsinga- og forvarnarstarf þarf að fara fram auk sýnilegri löggæslu. Ofbeldi leysir aldrei neinn vanda.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Stuðningsfjölskyldur og liðsmenn í Breiðholti

Þjónustumiðstöð Breiðholts leit- ar nú eftir stuðningsfjölskyldum til að taka börn í helgarvistun eina til tvær helgar í mánuði eða eftir nánara samkomulagi. Einkum er leitað eftir fjölskyldum með áhuga á mannlegum samskiptum en um afar gefandi verkefni getur verið að ræða. Hlutverk stuðningsfjölskyldu getur einnig verið áhuga-vert tækifæri til að láta gott af sér leiða. Reynslan undanfarinna ára hefur sýnt að stuðningsfjölskyldur vinna öflugt forvarnarstarf við að tryggja og viðhalda festu og öryggi í lífi þeirra barna sem njóta samvista við þær. Einnig er leitað eftir ábyrgu og áhugasömu fólki 18 ára og eldra til starfa sem liðsmenn en starfið felur í sér stuðning við fatlaða einstaklinga. Um er að ræða störf í tímavinnu með sveigjanlegum vinnutíma og henta skólafólki vel.

Framhalds- og háskólanemar fá frítt í strætó

Reykvískir framhalds- og háskólanemar fá ókeypis í strætó veturinn 2007 til 2008. Er þetta gert í tilraunaskyni og Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að greiða þá tekjuskerðingu sem Strætó bs. verður fyrir vegna þessa þó að hámarki 234 milljónir króna. Bæjarráð Garðabæjar hefur einnig samþykkt sambærilega tillögu. Af hálfu Reykjavíkurborgar er um að ræða einn hluta þeirra grænu skrefa sem boðuð eru í stefnu núverandi meirihluta borgarstjórnar og miða að því að draga úr kostnaði og mengun vegna bílaumferðar. Þá hefur verið unnið að samningum á milli Reykjavíkurborgar og Strætó bs. um að leikskólar borgarinnar fái sérstök strætókort til afnota fyrir starfsfólk og einnig fyrir börn þegar farið er í ferðir með þau um borgina. Strætóferðir eru mikilvægur þáttur í að leikskólabörn kynnist umhverfi sínu og skynji sitt nánasta umhverfi sem hluta borgarsamfélagsins.

Strætóbiðstöðvar fá nöfn

Fyrsta strætóbiðstöðin sem fékk nafn var nefnd Versló en starfsmenn Afa JCDecaux á Íslandi hófust nýlega handa við að merkja stöðvarnar í Reykjavík. Með þessu er ætlað að gefa biðstöðvarnar lýsandi nöfn sem ættu að verða farþegum töm og til þæginda. Alls er um er að ræða 138 staði sem fá nöfn og þess má geta að biðstöðvar við framhalds-

skólana verða nefnd M.S., M.H. og M.R. Einnig er um að ræða nöfn á borð við Stjórnarráðið, Filadelfía og Gamla sjónvarpshúsið, Kringlan, Gullinbrú og BSÍ svo nokkurra sé getið. Þeir sem dvalið hafa í borgum erlendis eða farið þar um hafa vafalítið veitt því eftirtekt að biðstöðvar almenningssamganga bera oft ákveðin heiti - ekki síst þar sem um lestarstöðvar er að ræða.

Grunnskólarnir settir

Skólaasetning í grunnskólum Reykjavíkur verður miðvikudaginn 22. ágúst n.k.. Þá eiga allir grunnskólanemendur að koma í skóla sinn og fá upplýsingar um skólastarfið sem er framundan. Frekari upplýsingar um hvenær nemendur eiga að mæta verða birtar á heimasíðum einstakra skóla.

Nýr samstarfssamningur um Náttúruskólann

Nýlega var undirritaður nýr samstarfssamningur leikskóla- sviðs og menntasviðs Reykjavíkurborgar við Náttúruskóla Reykjavíkur og gildir samningurinn til ársloka 2008. Tilefni hans var stofnun nýs Leikskólasviðs sem nú kemur sem sjálfstæður aðili að þessu samstarfi. Náttúruskóli Reykjavíkur stendur fyrir margvíslegri fræðslu fyrir kennara og nemendur í leik- og grunnskólum borgarinnar. Hann býður m.a. upp á verkefni sem kallast Flóð og fjara og hefur að markmiði að gera fjöruna og lífríkið þar að vettvangi fræðslustarfs. Fimm skólar tóku á liðnu ári þátt í að prufukeyra það verkefni, þrír grunnskólar og tveir leikskólar. Þá býður skólinn upp á námskeið fyrir kennara um möguleika útikennslu og skólinn hefur til umráða útikennslustofu við Elliðavatn.

Ársskýrsla full af fróðleik

Ársskýrsla menntasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 er komin út. Í skýrslunni er að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi leik- og grunnskóla borgarinnar auk tölfraði og stefnumótun fyrir tvö fyrstu skólastigin. Þá er þar að finna samþykktir fyrir nýtt leikskólaráð sem tók til starfa haustið 2006, svo og nýtt menntaráð, yfirlit yfir tónlistarnám og fullorð-

insfræðslu, verðlaun og styrkveitingar menntaráðs, útgáfur og ársreikning. Ársskýrslu verður dreift til allra skólastofnana borgarinnar á næstu vikum.

Um Flugvallarveg og Hlíðarfót í Öskjuhlíð

Vegarslóð um Öskjuhlíð frá Hlíðarfæti að Kirkjugördum Reykjavíkur hefur verið lokað og gert ráð fyrir að leiðin verði lokað til hausts 2009 eða þar til byggingarframkvæmdum vegna framtíðarhúsnæði Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík lýkur. Aðkoma bíla að Nauthólsvík er því eingöngu um Flugvallarveg og Hlíðarfót á þeim tíma. Færa verður göngustíg meðfram Öskjuhlíð út fyrir byggingasvæði Háskólans og verður nýr stígur tekinn í notkun áður en sá eldri verður aflagður. Þá má geta þess að samhliða vinnu við stíginn er hafinn undirbúningur á færslu Hlíðarfótar í framhaldi af Flugvallarvegi í samræmi við nýtt deiliskipulag

Útitónleikar á Miklatúni

Einn af hápunktum Menningarnætur í ár verða tónleika á Miklatúni sem hefjast kl. 16:00 og standa til kl. 22:30 með hléi milli kl. 18 og 20. Það er Landsbankinn, Rás 2 og Menningarnótt sem taka höndum saman um að bjóða upp á tónlistarveisluna. Hljómsveitirnar sem fram koma eru: Ampop, Á móti sól, Eivör ásamt færeysku hljómsveitinni sinni, Ljótu hálfvitarnir, Mannakorn ásamt Ellen, Megas og Senuþjófarnir, Minus, Pétur Ben, Sprengjuhöllin og Vonbrigði.

Færri brauðgjafir

Að undanfögnu hafa veggspjöld verið hengd upp á ýmsum opinberum stöðum í Reykjavík með skilaboðum um að draga megi úr uppgangi máva með bættri umgengi og færri brauðgjöfum. Fræðsla um fylgni á milli umgengni og fjölda sílamáva er liður í því átaki að beina fuglinum frá borginni. Þetta eru kannski engin gleðitiðindi fyrir yngstu borgarara en spurning er um hversu gott það er fyrir umhverfið að fóðra sílamávinum umfram aðra fugla en hann er jafnan þeirra frekastu til ætis hvar sem það er að finna.



Hægt er að sækja um nám á heimasíðu skólans (<http://tsdk.ismennt.is>) og einnig á vef Reykjavíkurborgar, rafræn Reykjavík. Á heimasíðunni má einnig fá upplýsingar um skólann.





ALLIR SEM SKRÁ SIG Í SPRON NÁMSMENN FÁ:

- ✱ **FLOTTAN FARTÖLVUBAKPOKA**
- ✱ **3.000 KR. GJAFABRÉF Í GRIFFIL***
- ✱ **TVO BÍÓMIÐA Á MYNDINA DISTURBIA****

**ÉG NENNI AÐ
ÞÆLA Í ÞESSU AF
ÞVÍ AÐ ÉG NENNI
AÐ EIGA PENINGA**

**SPRON
NÁMSMENN**

Þegar þú gerist félagi í SPRON
NÁMSMENN átt þú möguleika á eftirfarandi:

- ✱ **FRÍU DEBETKORTI**
- ✱ **150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI**
- ✱ **FRÍU EINKAKLÚBBSKORTI**
- ✱ **FARTÖLVUTILBOÐI Í MAX RAFTÆKJUM**
- ✱ **NÁMSSTYRKJUM, BÍLPRÓFSSTYRKJUM
& BÓKASTYRKJUM**
- ✱ **TÖLVUKAUPALANI*****
- ✱ **NÁMSLOKALÁNI*****
- ✱ **DESEMBERUPPBÓT**

**...ÁSAMT ÖÐRUM FRÁBÆRUM
FRÍÐINDUM OG KJÖRUM**

ÞITT ER VALIÐ - KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS

 **spron**
NÁMSMENN

VIDTALIÐ

Hér er þverskurður af heimsbyggðinni

“Ég hef alltaf búið í Breiðholtinu frá því ég flutti suður og fyrstu tíu árin var ég þar nær eingöngu. Ég bjó í Breiðholtinu, vann þar og þar var öll sú þjónusta sem ég þurfti á að halda. Þar var skósmiður, bókabúð, íþróttabúð, fiskbúð, bakarí og verslun með allt sem þurfti til sauma. Þar var líka banki og pósthús auk matvöruverslunar og þangað sótti ég alla daglega þjónustu. Að fara úr Breiðholtinu niður í miðbæ var fyrir mér eins og að skreppa í kaupstað. Eins og að skreppa frá Suðureyri til Ísafjarðar. Mér finnst skemmtilegt að hugsa til þessa tíma.

En margt hefur breyst vegna þess að þjónustan hefur minnkað. Bankinn og pósthúsið fóru niður í Mjódd. Flestar verslanirnar fóru eitthvað eða hættu starfsemi. Mér finnst ástæða til að dást að þeim sem hafa haldið úti þjónustu í Fellahverfinu og reynt að aðlagast sig að breyttum aðstæðum og brydda upp á nýjungum. Þjónustan í Hólunum hefur haldið sér betur. Þar er ákveðinn kjarni umhverfis matvöruverslunina, sem hefur lítið breyst í gegnum tíðina. Þetta er með allt öðrum hætti í Fellunum og það má velta því fyrir sér út af hverju þessi þróun hefur orðið.” Harpa segist ekki vilja rekja hana til íbúanna. “Í Fellahverfinu býr þverskurður af þjóðinni og raunar af heimsbyggðinni í dag þannig að það er ekki hægt að heimfæra þá hnignum sem orðið hefur á þjónustunni á íbúana. Þar eru aðrir þættir í samfélagsþróuninni að verki.”

Umræðan um Fellahverfið var ýkt

Um tíma var rætt um Fella-hverfið sem umhverfi þar sem fólk í félagslegum vanda hefði safnast saman og sett ákveðin blæ á byggðina. Þetta hafi skapað vanda. Harpa telur að allar umræður um þetta mál hafi verið stórlega ýktar þótt viss breytileiki hafi einkennt hverfið. “Borgin hefur átti um 120 íbúðir í Fellunum og þær voru í þremur húsum. Aðrar íbúðir í blokkunum voru byggðar af svokallaðri framkvæmdanefnd á áttunda áratugnum og síðan seldar einstaklingum og fjölskyldum. Málið er að fólk sem vann á hinum almenna vinnu-markaði og hafði þau laun sem voru greidd verkafólki átti undir högg að sækja rétt eins og í dag. Húsnæði er undirstaða félagslegs öryggis. Þá var farið út í að byggja þessi hús til að auðvelda fólki að eignast húsnæði. Þetta var hluti af bættum kjörum sem samið hafði verið um í kjarasamningum. Umræðurnar um vandræðafólk og annað í þeim dúr voru ekkert annað en stórfelldar ýkjur þótt slíkt hafi verið til staðar í Fellunum eins og í öðrum hverfum borgarinnar. Þegar ég bjó í Hólunum fór ekki á milli mála að lítið var til Fellahverfisins með neikvæðum formerkjum og hugarfari. Dæmi um þetta var þegar ég var að kaupa húsnæði í Fellahverfinu fyrir rúmum 20 árum þá sagði yngri dóttir mín við mig að hún myndi aldrei flytja þangað. Þá var hún stelpa á skólaaldri og þetta sýnir í rauninni og endurspeglar hvert viðhorfið var. Hún flutti með mér og nefndi þetta aldrei eftir það.”

Harpa starfaði hjá dagvist barna á þeim tíma og vann í Fella-borg. Hún þekkti því nokkuð vel til hverfisins áður en hún ákvað að flytjast þangað. “Ég kynntist innviðum þessa samfélags ágætlega árin sem ég starfaði í leikskóla í hverfinu. Þarna var þverskurður af mannlífinu í öllum sín-

um myndum og ég vissi því betur hvernig þetta var en hinn almenni orðrómur gaf til kynna og viðhaldið var í samfélaginu.”

Borga allt að 110 þúsund í leigu

Harpa segir að enn þann dag í dag eigi sér stað nokkuð einhæf umræða af sambærilegum toga. Nú sé talað um að fólk af erlendu bergi safnist saman í Breiðholtinu og þá einkum og ekki sist í Fellahverfinu. Vissulega sé talsvert af innflytjendum í Breiðholti en þeir búi víðar í borginni og einnig út á landi. “Umræðan um innflytjendur í Breiðholti tengist nokkuð umræðu um hversu ódýrt eigi að vera að búa þar. Ég heyrði t.d. mannfræðing segja í Ríkisútvarpinu fyrir skömmu að húsnæðið væri svo ódýrt í Breiðholtinu miðað við önnur borgarhverfi að innflytjendur sæktu af þeim sökum þangað. Raunin er hins vegar sú að fólk af erlendu bergi er að leigja húsnæði í Breiðholtinu dýrum dómum. Nú er verið að leigja þriggja herbergja íbúðir fyrir á bilinu 90 til 110 þúsund krónur á mánuði. Þetta vekur upp spurningu um hvort íbúðaeigendur séu að notfæra sér þær aðstæður sem hafa skapast með mikilli fjölgun fólks frá öðrum löndum. Harpa ræðir málefni hinna nýju Íslendinga frekar og segir skipta miklu máli hvernig við tökum á móti þeim. “Ég er ekki að halda því fram að við tökum ekki sæmilega vel á móti fólki sem kys að flytja hingað til lands með framtíðar búsetu í huga. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að við leggjum okkur fram og ég held að við getum gert betur. Þá er ég að hugsa um að fólk hafi góðan aðgang að upplýsingum á tungumáli sem það skilur. Íslensk stjórnvöld verða að leggja sig fram um að gera innflytjendum mögulegt að læra íslensku til þess að auðvelda þeim að búa í landinu. Það er undirstöðuatriði og ekki nóg að segja þeim að þeir verði að læra svo og svo mikið. Við verðum að mæta þeim til þess að þeir geti tileinkað sér tungumálið.”

Taka ekki störf frá íslensku fólki

Harpa segir að þetta mál sé búið að hafa nokkurn aðdraganda og við hefðum getað lært mikið af reynslu frændþjóða okkar á Norðurlöndum. “Ég held að við höfum sofði á verðinum og séum af þeim sökum ekki nógu vel í stakk búin. Það er ekki bara spurning um að fólk aðlagist okkar samfélagi - það er líka spurning hvernig við mætum þessum nýju Íslendingum. Harpa minnst einnig á umræðuna um að fólk af erlendu bergi komi hingað og taki láglounastörfin yfir. “Það er hins vegar ekki rétt. Ég hef skoðað störf láglounakvenna og komist að því í gegnum rannsóknir mínar að íslenskar konur vinna þessi störf við hliðina á þeim erlendu á sömu launum og þær. Þarna er m.a um að ræða störf í leikskólum, í grunnskólum, á sjúkrahúsum og við ýmis umönnunarstörf. Aðalatriðið er að störfum hefur fjölgað í þessum atvinnugreinum í hlutfalli við aukna áherslu á bætta þjónustu. Hinir nýju íbúar taka hluta af þessum stöfum að sér en þeir eru ekki að taka þau frá innfæddu fólki. Þarna starfa innflytjendur við hlið Íslendinga og margir á svo lágum launum að þau duga engan veginn til þess að lifa af þeim sem þýðir að þetta fólk býr við fátækt.”



Harpa Njáls í friðsælum gróðurreit að baki heimilis síns við Nönnufell í Breiðholti.

Fékk innngöngu í háskóla út á starfsreynslu

Eftir að hafa starfað á ýmsum stöðum um árabíl ákvað Harpa að snúa sér að framhaldsnámi og fór að nema félagavísindi við Háskóla Íslands. Hvað kom til að hún ákvað að snúa blaðinu við að þessu leyti og af hverju urðu félagsvísindin fyrir valinu. “Eftir að hafa starfað í leikskólum og barnaheimilum í Breiðholtinu um árabíl vann ég hjá Breiðholtsblómum í fjögur ár við afgreiðslu og blómaskreytingar eða fram til 1987. Ég hef verið mjög lánsöm og unnið með góðu fólki og það er mikils virði. Húsnæðissamvinnufélagið Búseti var stofnað 1983 og Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, þáverandi formaður Sóknar fékk mig með fortölum til þess að gefa kost á mér í stjórn Búseta. Það varð til þess að ég átti sæti þar næstu tíu árin og fór að starfa hjá félaginu þegar byrjað var að byggja. Þar á ég skemmtilegan kafla að baki í lífi mínu við að koma hugmyndafræðinni að baki þessu húsnæðiskerfi á framfæri og í framkvæmd og byggja starfsemina upp. Ég fór í námsferðir til HSB húsnæðissamvinnufélags í Stokkhólmi sem átti og rak 55.000 íbúðir í borginni á þeim tíma. Ég stýrði félags- og rekstrarsviði Búseta og annaðist einnig samskipti við íbúana, lagði grunninn að kaupum og sölu þannig að segja má að á þessum þremur stöðum þar sem ég starfaði var ég í iðu mannlífsins. Mér fannst ég fá góða innsýn í líf og aðstæður fólks. Á þessum tíma höfðu margir misst íbúðir sínar og margir áttu erfitt með að festa kaup á húsnæði vegna þeirra aðstæðna sem þá voru og fólust m.a. í miklu misgengi launa og þróunar á lánamarkaði og margir að koma úr námi erlendis frá. Ég kynntist mjög fjölbreyttum aðstæðum til viðbótar því að hafa einnig kynnst aðstæðum fólks úti á landi á meðan ég bjó fyrir vest-

an. Ég hafði einfaldlega þennan neista í mér og á árinu 1992 tók ég þá ákvörðun að sækja um innngöngu í Háskóla Íslands. Ég var búinn að stunda framhaldsskólann í kvöldskóla í nokkrar annir meðfram fullri vinnu en varð að hætta því vegna þess að starfið hjá Búseta var svo krefjandi. Ég ákvað að sækja um undanþágu frá stúdentsprófi og fékk innngöngu út á námseiningar mínar en síðast en ekki sist út á starfsreynslu og lífsreynslu mína. Ég fór í félagsfræði. Ég var reyndar búin að hugsa mér að taka mannfræði til 30 eininga en fann fljótt að í félagsfræðinni gat ég nýtt mína reynslu og kunnáttu og námið féll vel að þeirri grunnþekkingu sem ég hafði orðið mér út um. Þegar ég fór að lesa fræðin þá átti ég mjög auðvelt með að tengja þau við raunveruleikann sem ég þekkti. Námið þróast síðan þannig að ég vann rannsókn um atvinnuleysi og fátækt á árinu 2004 sem varð til þess að opna augu mín fyrir því að velferðarkerfið er ekki eins vel búið og ég hafði talið. Það kveikti áhuga minn á að skoða þetta betur og lokaritgerðin mín fjallaði um fátækt í velferðarsamfélagi. Þegar ég lauk BA prófinu áttáði ég mig á því að ég átti enn margar spurningar sem ég hafði ekki fengið nein svör við svo ég ákvað að halda áfram og fara í mastersnám. Þá var ég búin að móta hvað ég vildi gera. Námið var rannsóknartengt og niðurstöður þessarar rannsóknar var m.a. kynnt í bókinni Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar: Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins sem kom út árið 2003.

Langtímaaðstoð við fátæka

Harpa segir að Hjálparstarfi kirkjunnar hafi leitað til sín í lok árs 1997 þar sem hún var beðin um að taka að sér verkefni við að móta aðstoð við fátækt fólki. “Á þeim tíma hafði þeim sem leit-

uðu til hjálparstarfsins fjölgað mjög mikið og forsvarsmenn þess stóðu frammi fyrir því að endurskipuleggja innanlandsstarfið. Ég fór í þetta verkefni og lagði grunninn að aðstoð við fólk til lengri tíma en neyðaraðstoðin “matur í poka” var fyrir hendi. Tilgangurinn með langtímaaðstoðinni var fyrst og fremst að greina aðstæður fólks og miða aðstoðina við að hjálpa því út úr erfiðleikum sínum oft í samstarfi við fleiri stofnanir sem ég leitaði til en einnig að koma upplýsingum til samfélagsins af hvaða ástæðum fólk væri fátækt.” Harpa starfaði að þessu verkefni í tvö ár og kveðst hafa á þeim tíma staðið andspænis þeim veruleika sem fátækt fólk bjó við. “Þessi reynsla styrkti mína fræðilegu þekkingu. Ég var þarna í 50% starfi og jafnframt vann ég rannsóknir sem tengdust master-náminu, m.a. “Kjör og aðstæður öryrkjar” sem var þjónustumatskýrsla.”

Í vörn í stað þess að taka á málum

Harpa er ekki hætt rannsóknarstarfi sínu og stundar nú doktorsnám við Háskóla Íslands þar sem hún er að rannsaka lífsskilyrði, félagslegt umhverfi og heilsufar barna og barnafjölskyldna með tilliti til mismunandi þjóðfélagsþópa hér á landi og í samanburði við aðstæður barna í öðrum Evrópulöndum. Harpa segir ástæðulaust að líta á fátækramálin með viðkvæmni. Heildarsýn hafi vant að sem sé nauðsynleg til þess að ná nægilega góðum árangri. Hún segir að við séum ein af ríkustu þjóðum heims. Margir hafi haft þá mynd af þjóðinni að hér geti allir haft það gott sem nenna að vinna. Engu að síður sé að finna ákveðnar brotalamir í velferðarkerfinu. “Í því sambandi vil ég nefna að fólk er á lágum lífeyrisgreiðslum. Síðan koma til miklar skerðingar sem hafa valdið því að fólk situr fast. Vegna skerðinganna hefur það ekki neinn hvata til þess að bæta kjör sín jafnvel þótt það hafi haft getu og tækifæri til þess að vera í einhverju starfi a.m.k. að hluta. Það hefur hins vegar ekki borgað sig vegna þess að það heldur sáralitlu eftir þegar tekið hefur verið tilliti til mikilla skerðinga.” Harpa segir að heldur hafi dregið úr skerðingarákvæðum á síðustu árum og nú séu komin fram loforð um að fólk yfir sjötugt megi vinna. “En það eru ekki aðeins skerðingar á lífeyri og lágar lífeyrisgreiðslur sem valda því að fólk er fast í viðjum fátæktar. Margt fólk á lægstu laununum hefur ekki nægar tekjur til þess að lifa af þeim. Barnabótakerfið er einnig mjög takmarkað. Þar koma skerðingarákvæði til og byrjað er að skerða barnabæturnar við mjölg litlar tekjur. Við erum ein Norðurlandabjórðanna sem höfum barnabætur tekjutengdar við tekjur foreldra sem er umhugsunar efni. Einnig má geta um skattlagninguna í þessu sambandi. Skattar á einstaklinga hækkuðu mikið frá 1995 og næstu 10 árin. Ég hef séð það í gegnum mínar rannsóknir að þótt verið sé að bæta tekju-lágu fólki eitthvað upp þá er það tekið aftur að stórum hluta með sköttum því skattleysismörkin hafa verið svo lág og ekki hækkað í samræmi við aðra þróun. Þá skiptir mjög hátt verð að matvöru miklu máli sem er það hæsta í Evrópu. Þetta eru staðreyndir sem mörgum hefur gengið misvel að horfast í augu við og finna út hvaða aðgerðir geta raunverulega bætt ástandið og skilað árangri. Í stað þess skoða málin í heild

sinni hafa stjórnámálamenn haft tilhneigingu til þess að fara í vörn. Það er e.t.v. af þeim ástæðum sem fólk upplifir þessa umræðu sem viðkvæmt mál.”

Tæpan áratug í kirkjustarfi

Harpa starfaði innan kirkjunnar í tæpan áratug og var formaður sóknarnefndar í Fella-sókn í tæp fjögur ár. Þar er að finna einn flötinn á fjölbreyttu starfi hennar í þágu málefna fólks. “Í formennsku sóknarnefnda er um mikla vinnu að ræða sem fólk leggur endurgjaldslaust af mörkum og er oft vinna sem ekki fer mikið fyrir.” Harpa segir að kirkjan sé að fara í meira mæli út í almennt félagsstarf á meðal sóknarbarnanna og það starf sé öflug í Fella- og Hóla-kirkju ekki sist eftir að djákni kom til starfa. Tvær sóknir standa að Fella- og Hóla-kirkju. Tvær sóknarnefndir starfa því við kirkjuna og formenn þeirra skipta með sér verkum. Harpa segir að menn hafi borið gæfu til þess að starfa vel saman og leysa úr málum þegar tilefni hafi orðið til slíks. “Kirkjustarfið er eins og hver annar vettvangur á akri mannlífsins og óeðlilegt ef öllum sýndist það sama um alla hluti. Auðvitað koma upp mál sem þarf að ræða og finna niðurstöðu eins og í öðrum félagsstörfum og mannlegum samskiptum.” Harpa segist hafa hætt að starfa með sóknarnefndinni á liðnu vori.

“Ég hafði einfaldlega ekki tíma til að sinna því sem skyldi með doktorsnáminu. Ég hef einnig veitt forystu starfi foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og átti frumkvæði að því starfi árið 2000. Við stofnuðum Samtökin FAS - Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra árið 2003. Á þessum vettvangi stóð ég í stafni í tæp sjö ár en hef hætt störfum sem formaður. Starf meðal foreldra og aðstandenda samkynhneigðra og starf mitt innan kirkjunnar hefur skarast nokkuð, m.a. leitaði ég til Prestafélags Íslands eftir samstarfi. Við höldum m.a. þrjú málþing um - Samkynhneigð, kirkju og trú. Þau voru mikið innlegg í umræður innan kirkjunnar sem hafði nánast ekki tekið þessi mál til umræðu eða forðast hana til fjölda ára. Ég tel það hafi verið styrkur fyrir mig að vinna á þessum tveimur vettvöngum en nú einbeiti ég mér að doktorsnáminu. Ég þarf að dvelja nokkuð erlendis á næstunni vegna rannsóknar minna á þeim vettvangi. Ég hef komið það mikið að félagsmálum að ég veit að allt hefur sinn tíma og taldi að þetta væri rétti tímapunkturinn til þess að breyta til,” segir Harpa Njáls, félagsfræðingurinn úr Breiðholti sem varð þekkt á einni nóttu fyrir rannsóknarverkefni sitt um fátækt á Íslandi og er nú að hefja nýja för í fræðum sínum sem á án efa eftir að skila áhugaverðum upplýsingum og niðurstöðum.

Sungið á japönsku

Leikskólabörnin á Fálkaborg sungu á japönsku síðasta skóladaginn fyrir sumarfrí. Þá fengu þau Eddu Borg í heimsókn sem lék og söng með börnunum, forráðamönnum, starfsfólki og gestum.

Eitt af lögunum sem börnin fluttu var japanskt þjóðlag um Skrautfiskafloðgin. Börnin hafa æft lagið í tilefni af því að Fálkaborg er einn af þremur leikskólum sem tekur þátt í samstarfi við Japanska sendiráðið á Íslandi. Aðrir

leikskólar sem taka þátt í þessu verkefni eru Hálsakot og Steina-hlið en þessir leikskólar hafa allir hlotið viðurkenningu fyrir fræðslu í umhverfismálum.



Sungið af hjartans list.



Spilað og sungið úti í garði í góða veðrinu.



Þín er þörf!

STARFSFÓLK Í SAL OG Á GRILL

Verksvið

- Störf í afgreiðslu
- Störf í eldhúsi
- Þrif / Frágangur

Í fullu starfi er unnið 4 virka daga og aðra hverja helgi í vaktavinnu.

Í hlutastarfi er unnið á kvöldin og um helgar skv. samkomulagi. Miðað er við að umsækjendur séu 18 ára og eldri.

Hæfniskröfur

- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og dugnaður
- Góð ástundun
- Geta unnið vel undir álagi
- Þjónustulipurð

Sjáumst!

- Umsóknareyðublöð á öllum American Style stöðum og www.americanstyle.is
- Upplýsingar veittar á skrifstofu í síma 568-6836

ITEM / YT554

Ísskápa- og frystikistuviðgerðir og ýmsar smáviðgerðir í heimahúsum



Sími: 899 8782



SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASALI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712



Sumarhátíð fyrir börn hjá dagmæðrum

Í lok júnímánaðar hélt hóp-ur dagmæðra í Efra-Breiðholti sumarhátíð. Hátíðin var einnig kveðjuathöfn fyrir þau börn sem eru að fara í leikskóla í haust. Boðið var upp á kakó, brauð og kleinur sem runnu ljúflega niður og allir skemmtu sér hið besta.

Aðdragandinn að sumarhátíð dagmæðranna er að nokkrar þeirra hafa hist reglulega með börnin á leikvelli í Vesturbergi og stundum á gæsluvelli við verslunina Kaskó. Hefur þetta fyrirkomulag mælist vel fyrir bæði hjá dagmæðrunum sjálfum og ekki síður hjá börnun-

um. Þegar hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn að ári og halda sumarhátíð fyrir börn sem eru að kveðja dagmæður sínar og fara í leikskóla.



Dagmæðurnar sem stóðu að sumarhátíðinni.

Hlaupa- stígur við Arnar- bakka

Áformað er að leggja hlaupastíg í kringum Arnarbakkan í Breiðholti. Alls er um þriggja kílómetra vegalengd að ræða.

Íbúar í Neðra Breiðholti hafa lengi haft áhuga á að fá þessa aðstöðu og leitað eftir því við borgaryfirvöld en ekki orðið úr framkvæmdum fyrr en nú að þær eru komnar á dagskrá. Þrengsli valda því að erfitt er fyrir hlaupara og gangandi fólk að komast leiðar sinnar án þess að fara út á götu á þessum slóðum. Ný hlaupabraut mun því auðvelda skokkurum og öðrum vegfarendum umferð á þessu svæði.

NET-
SAGA.IS

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

www.borgarblod.is

QUIZNOS SUB

**fjölskyldu-
matsölustaður**
Nýbýlavegi 32

Rennibraut



Aldrei of seint að ganga menntavegin

Lærðu meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku

Ertu eldri en 16 ára?

Viltu læra meira?

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða upp á kennslu í námstækni og nám fyrir þá sem vilja læra meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Námsefnið jafngildir 8.-10. bekk í grunnskóla.

Námið hentar fólki á öllum aldri, t.d. þeim sem vilja búa sig undir framhaldsskóla eða foreldrum sem vilja hjálpa börnum sínum við heimanámið.

Nám á eigin hraða

Námið tekur mið af kunnáttu og þörfum hvers og eins og allir læra á sínum hraða. Hægt er að skrá sig í eina námsgrein eða fleiri. Engin próf eru tekin, nema þess sé óskað.

Hvar er kennt og hvenær?

Kennt er á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá 17:20 - 18:40 og 18:50 - 21:00 í húsnæði Námsflokka Pönglabakka 4 (fyrir ofan strætóskylið í Mjóddinni).

Enska og stærðfræði eru kennd á mánudögum og miðvikudögum, en íslenska og danska á þriðjudögum og fimmtudögum. Kennsla hefst 10. september.

Skráning og frekari upplýsingar í síma 567 7050 og á vefnum www.namsflokkar.is

Námsflokkar Reykjavíkur

Viljum vera stolt af æskuslóðum okkar

„Í fallegu umhverfi liður fólki einfaldlega betur, við viljum vera stolt af okkar æskuslóðum,” sagði einn nemandi Vinnuskólans í Breiðholti í tilefni þess að umhverfishópur Vinnuskóla Reykjavíkurborgar í Breiðholtinu vann að hugmyndum um hvernig hægt væri að gera umhverfið litríkara en það er, hvernig hægt væri að breyta ljótum stað í fagran.

Umhverfismál eru jafnan ofarlega á baugi hjá Vinnuskólanum. Í því efni fá áttundu bekkingar m.a. kennslu í því að flokka sorp sem er unnið í samstarfi við Sorpu og Landvernd. Nemendur fá fyrst munnlega fræðslu en halda síðan á vettvang, þar sem þau tína rusl sem síðar er flokkað í sjö kvíar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Gísli Marteinn Baldurs-



Gísli Marteinn Baldursson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ásamt tveimur nemendum Vinnuskólans.

Fröken Júlía í ríkið

Verslunin Fröken Júlía hefur flutt í fyrrum húsnæði ÁTVR við göngugötuna í Mjóddinni en verslunin var áður í gamla VISA húsinu þar sem Heilsugæslan er nú til húsa. Lengi var óvíst hvert Fröken Júlía færi en verslunin varð að rýma húsnæðið í VISA húsinu vegna heilsugæslunnar. Á endanum var ákveðið að hún fengið gamla ríkið til afnota.

Húsnæði þetta kom mjög við sögu í máli er tengdist Háspennu fyrr á þessu ári en þar átti að koma fyrir spilasal á vegum fyrirtækisins. Málið varð mjög umdeilt og borgaryfirvöld og margir íbúar í Breiðholtinu lögðust eindregið gegn því að spilasalur yrði starfræktur við göngugötuna. Svo fór að Reykjavíkurborg festi kaup á húsnæðinu til þess að koma í veg fyrir starfsemi spilasalarins. Nú býður Fröken Júlía nýju haustlín-



Það nýjasta í kvenfatatískunni þar sem vínföng fylltu áður hillur.

una í kvenfatatískunni þar sem brennivín og vodka fylltu áður hill-

ur ásamt ýmsum eðaldrykkjum auk bjórstaflanna.

son, formaður umhverfissviðs hittu krakkana í Vinnuskólanum á dögunum og sagði Vilhjálmur við það tækifæri að virkilega gaman hefði verið að hlusta á krakkana og hugmyndir þeirra. Þau væru að vinna að mörgum skapandi verkefnum og hann kvaðst finna hjá þeim nýja nálgun og hugsun um hvernig gera megi borgina fal-

legri. Gísli Marteinn sagðist við sama tækifæri hafa tekið eftir því að nemendur Vinnuskólans hugsuðu í lausnum en ekki vandamálum. Hann kvaðst hafa verið sérlega ánægður að sjá að þau veltu því fyrst og fremst fyrir sér hvað þau gætu sjálf gert til að leysa vandann fremur en að bíða eftir því að aðrir leystu hann fyrir þau.



Hér verður ekki djammað meira. Kaffi Strætó hefur verið lokað. Hugmyndir eru um að nýta plássið fyrir verslunarrekstur.

Verslun í Kaffi Strætó?

Að undanförunu hefur verið unnið að athugun á því hvað gert verði við húsnæðið sem Kaffi Strætó í Mjódd er í en leigutaka þess var sagt upp leigusamningi á liðnu vori þar sem taka ætti húsnæðið til annarra nota. Kannað hefur verið með sölu á húsnæðinu en einnig möguleika á að leigja það.

Samkvæmt heimildum Breiðholtsblaðsins mun leiga húsnæðisins verða ofan á a.m.k. til

þess að byrja með. Ekki er enn ákveðið hver taka muni húsnæðið á leigu né til hvers konar starfsemi það verði leigt. Hugsanlegt er að það verði leigt undir verslunarstarfsemi. Ákveðið mun vera að það verði ekki opnaður nýr veitingastaður þar sem Kaffi Strætó er nú til húsa sem er í samræmi við þá stefnu borgaryfirvalda að fjölga ekki börum í Breiðholti.

Hér er ég!

Mjódd

Smiðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!

Frístundakort

- Nýtt styrkjakkerfi í frístundastarfi fyrir 6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík.

ÍTR · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is

Fimm fallegustu garðarnir eru í Breiðholtinu

Þessar myndir voru teknar 15. júlí sl. þegar borgarstjóri og fleira fólk skoðaði hina fimm fallegust garða Reykjavíkur sem allir eru í Breiðholtiinu.

Ljós- Guðmunda Jónsdóttir.



Grenitré við Rituhóla 10.



Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, garðeigandi í Rituhólum 13 ásamt borgarstjórnahjónunum Guðrúnu Kristjánsdóttur og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni.



Úr garðinum við Rituhóla 9. Konan á myndinni heitir Björk Aðalsteinsdóttir.

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Ég hef alltaf haft mikla ánægju af að lesa. Þegar ég var krakki og unglingur var ég tíður gestur á bókasafni Vestmannaeyja og lá miklu frekar í skáldsögum en skólabókunum til mikillar armæðu foreldra minna. Pabbi las reyndar mjög oft fyrir okkur á kvöldin áður en sjónvarpið kom til. Það sem ég man best eftir voru sögurnar um greifann af Monte Cristo. Hrikalega spennandi í þá daga.

Í rauninni les ég allt mögulegt, en hef þó mest gaman af vel skrifuðum skáldsögum um venjulegt fólk með hversdagsleg vandamál, gleði og sorgir eins og við hin. Hin írska Maeve Binchy er allgjör snillingur á því sviði. Held ég hafi lesið allar bækurnar hennar, og hoppa af gleði ef það kemur út ný bók eftir hana.

Síðustu bækurnar sem ég las eru all ólíkar, en nokkuð góðar hver á sinn hátt. The Island eftir Victoriu Hislop fjallar um unga ameríska stúlku, sem ákveður að komast að því hver uppruni hennar er. Móðurfólkið hennar kemur frá litlu grísku þorpi, en móðir hennar hefur aldrei viljað tala um það. Hún kemst að því að amma hennar og móðursystir þjáðust báðar af holdsveiki, sem var mikill smánarblettur á fjölskyldunni. Á þeim tíma voru allir holdsveikir einangraðir á lítilli eyju, sem hét Spinalonga. Þeim var ekki afturkvæmt þaðan, þar sem engin lækning hafði fundist á þeim tíma. Bókin segir frá lífinu á Spinalonga, en einnig í litla þorpinu Plaka, þar sem fjölskyldum hefur veriðundrað, því móðirin eða barnið eða aðrir fjölskyldumeðlimir voru fluttir nauðungaflutningum út á Spinalonga. Maður fræðist heilmikið um siði og hugsunarhátt þess tíma Grikklands og einnig um þennan hræðilega sjúkdóm holdsveikina, sem ég vissi alla vega ekki mikið um.

Önnur bókin er The Virgin of Small Plains eftir Nancy Pickard.



Þórunn Ólý Óskarsdóttir, forstöðumaður Unglingasmiðjunnar Traðar, Keilufelli

Hún fjallar um 17 ára gamalt morðmál á ungrri stúlku, sem ekki tókst að nafngreina. Hún liggur því í ómerktri gröf, en í gegnum árin hefur fólk farið að heita á þessa ungu látnu stúlku, “the virgin”, og ýmsar sögur fara á kreik um kraftaverk. Sannleikurinn um morðið á hins vegar eftir að koma smám saman upp á yfirborðið og veldur miklum usla hjá máttarstólpum smábæjarins Small Plains í Kansas. Þessi bók er þrælspegnandi, þó hún sé svo sem ekki sérlega djúp, og með þessu hefðbundna ástasöguváfi.

Síðasta bókin, sem ég ætla að nefna las ég á norsku, en hún heitir á ensku An African in Greenland eða Afríkani á Grænlandi. Þetta er um margt mjög merkileg bók skrifuð af Tété-Michel Kpomassie frá Togo í Afríku, fæddur 1941. Hann ólst upp í hefðbundnu umhverfi í litlu þorpi í Togo. Pabbi hans átti 8 konur og 26 börn. Hann hlýtur litla skólagöngu, en einn daginn rekst hann á bók um Grænland í bókasafni skólans. Tilhugsunin um Grænland heltekur hann, og þegar mamma hans fer að hugsa um að finna handa honum konu og pabbi hans vill gera hann að slöngupresti, stingur hann af 16 ára gamall. Hann er í 8 ár að vinna sig upp í gegnum nokkur Afríkuríki, Evrópu, aðallega Frakkland og svo Danmörku áður en hann

kemst á skipsfjöl til Grænlands, en hvíkar aldrei frá að láta drauminn rætast. Hann dvelur í hátt í 2 ár meðal Grænlandinga og fíkrar sig alltaf lengra og lengra norður til að kynnaðast sem best upprunalegum lifnaðarháttum Eskimóanna. Hann er greinilega fljótur að læra tungumál. Kann ensku, frönsku, dönsku og er fljótur að pikka upp grænlandskuna líka. Grænlandingarnir höfðu aldrei séð svartan mann áður, en taka honum yfirleitt mjög vel og opna honum heimili sín. Hann er fljótur að aðlagast og með opnum huga tekur hann fullan þátt í þeirra lífi og skrifar á hreinskilinn og hispurslausan hátt um líferni þeirra, veiðiskap, matar- og drykkjuvenjur, konuskipti og lauslæti almennt. Ég sá í nýlegu viðtali við hann að hann uppgötvaði mörgum árum seinna að hann ætti grænlandskan son, sem elst upp í Danmörku, en stjúpfaðirinn neitar þeim að hittast.

Þetta er heillandi frásögn og maður getur ekki annað en dáðst að áræðni og aðlögunarhæfni þessa unga svarta manns. Lýsingarnar á matarvenjum, drykkjuþskap, lélegum húsakynnum, söðasþap og almennu auðnuleysi eru ekki alltaf fallegar.

Kpomassie langaði mest til að eyða ævidögum sínum á Grænlandi, en taldi það skildu sína að snúa heim og uppfræða ungu kynslóðina í Togo um heiminn utan Afríku. Hann átti mun erfiðara með að aðlagast aftur hitastiginu í Evrópu og síðar í Afríku, en hann átti með að aðlagast kuldunum á Grænlandi.

Tuttugu árum seinna snýr hann aftur til Grænlands með fjölskyldu sína og finnur Grænland mikið breytt upp á gott og vont. En hann finnur líka gamla vini, sem lítið hafa breyst og honum finnst hann vera komin heim. Mjög athyglisverð saga, sem hefur verið gerð heimildarmynd um hjá BBC 1988. Kpomassie býr nú í Frakklandi með franskri konu og 2 börnum.

Kvöldskóli FB í 26 ár

Kvöldskóli hefur verið starfræktur við Fjölbautaskólann í Breiðholti í 26 ár. Mikil og góð aðsókn hefur verið að kvöldskólanum frá upphafi og eru u.þ.b. átta hundruð nemendur skráðir í skólann á hverri önn. Vegna fjölda nemenda er hægt að bjóða upp á mikið úrval áfanga, en venjulega eru 130 áfangar í boði við skólann.

Hægt er að stunda nám við nánast allar brautir skólans og allt nám við kvöldskólann getur leitt til útskriftar. Hægt er að taka einstaka áfanga, brautir, stúdentspróf eða starfsréttindi, eftir áhuga hvers og eins. Hægt er að stunda m.a. bóknám, iðnnám, heilbrigðisnám, listnám og viðskiptanám. Fjölmennustu brautirnar eru rafíðna-, tréiðna- og sjúkraliðabaut, þar sem hægt er að ljúka fagnámi að fullu.

Kennslutími í kvöldskólanum er



frá kl. 17:20 til 22:20, mánudaga til fimmtudaga.

Innritun á netinu er nú í fullum gangi (fb.is) og síðan er innritun

á staðnum 15. og 16. ágúst, frá kl. 17 til 19 báða dagana. Kennsla hefst síðan í Kvöldskóla FB miðvikudaginn 22. ágúst.



Notkun frístunda- kortsins að hefjast

Stefnt er að því að foreldrar geti byrjað að nýta nýtt frístundakort vegna þátttöku barna sinna í æskulýðs-, íþrótt- og menningarstarfi í Reykjavík í lok þessa mánaðar. Frístundakortið verður innleitt í þremur áföngum. Sá fyrsti hefst haustið 2007 og er þá miðað við 12 þúsund króna framlag. Annar áfangi hefst 1. janúar 2008 og er þá miðað við 25 þúsund króna framlag á árinu. Með þriðja áfanga lýkur innleiðingu en frá og með 1. janúar árið 2009 verður miðað við 40 þúsund króna framlag á því ári. Meginskilyrði fyrir notkun frístundakortsins er að starfsemi félags sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í viðum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna og leiðbeinenda við aðstæður sem hæfa starfi með börnum og unglingum. Styrkhæf starfsemi verði að miðast við 10 vikur samfellt hið minnsta. Ekki verður um beingreiðslur til foreldra að ræða heldur fái foreldrar rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Heimilt verður að nýta styrkina til niðurgreiðslu fleiri en einnar greinar eða starfsemi en þó ekki fleiri en þriggja á hverjum tíma. Ekki verður heimilt að flytja styrki milli ára.

NET-
SAGA.IS

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

www.borgarblod.is

Kaupi
hljómplötur

(LP) rokk, jazz og íslenskt.

Annað kemur til greina.

Ingvar sími: 699 3014
& 534 9648.

Quiznos SUB

**fjölskyldu-
matsölustaður**
Nýbýlavegi 32

Rennibraut



Skóla- setning Fellaskóla haustið 2006

Skóla-
setning Fellaskóla verður miðvikudaginn 22. ágúst 2007. Nemendur mæti til skóla-
setningar í hátíðarsal skólans sem hér segir:

8., 9. og 10. bekkur kl. 9.00

5., 6. og 7. bekkur kl. 10.00

2., 3. og 4. bekkur kl. 11.00

Nemendur 1. bekkja verða boðaðir með foreldrum/forráðamönnum sínum dagana 22. og 23. ágúst.

Skólastjóri



Skóla- setning Hólabrekkuskóla haustið 2007

verður miðvikudaginn 22. ágúst. Nemendur mæti í hátíðarsal skólans sem hér segir:

2., 3., og 4. bekkur kl. 09.00

5., 6., og 7. bekkur kl. 10.00

8., 9., og 10. bekkur kl. 11.00

Nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtöl með foreldrum sínum 22. og 23. ágúst.

Skólastjóri



Skóla- setning Ölduselsskóla haustið 2007

Nemendur mæti til skóla-
setningar sem hér segir:

10. bekkur kl. 9.00 5. bekkur kl. 11.30

9. bekkur kl. 9.30 4. bekkur kl. 13.00

8. bekkur kl. 10.00 3. bekkur kl. 13.30

7. bekkur kl. 10.30 2. bekkur kl. 14.00

6. bekkur kl. 11.00

Nemendur í 1. bekk verða boðaðir í viðtöl með foreldrum.

ÖLDUSELSSKÓLI - <http://oldusel.is>

Skóla- setning Seljaskóla haustið 2007

Skóla-
setning verður miðvikudaginn 22. ágúst.

Nemendur mæti sem hér segir í hátíðarsal skólans í húsi 5 (mötuneyti):

9. og 10. bekkur kl. 9.00.

8. bekkur kl. 10.00.

6. og 7 bekkur kl. 10.30.

4. og 5. bekkur kl. 11.30.

2. og 3. bekkur kl. 13.00.

1. bekkur. Skóla-
setning verður föstudaginn 24. ágúst kl. 8.10.

Skólastjóri

Skóla- setning Breiðholtsskóla haustið 2007

Skóla-
setning 2007 -2008 miðvikudaginn 22. ágúst

Nemendur mæti til skóla-
setningar í anddyri skólans sem hér segir:

2., 3. og 4. bekkur kl.: 13.00

5., 6. og 7. bekkur kl.: 14:00

8., 9. og 10. bekkur kl.: 15:00

Nemendur 1. bekkjar verða boðaðir símleiðis í viðtöl með foreldrum 22. og 23. ágúst.

Skólastjóri

Allt til skólans

Skólatöskur - pennaveski
stílabækur - pennar
litir og mfl.

Íþróttatöskur - úlpur
buxur - peysur
bolir - bakpokar
og mfl.

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Um kvöldið kom litla systir

Rúnar Freyr Gíslason, leikari og leikstjóri er fæddur í Hlíðunum í Reykjavík en fluttist ungur með foreldrum sínum í Suðurhóla í Breiðholti. Þaðan lá leiðin í Seljahverfið þar sem hann eyddi unglingsárunum eða allt til að hann flutti að heiman og fór að búa. Rúnar Freyr rifjar bernskuna í Breiðholtinu upp að þessu sinni.

Ég var fyrsta árið mitt í Bólstaðahlíðinni. Frá núll til eins árs. Svo fluttum við í Suðurhólana; ég, pabbi, mamma, tvö hálf-systkini mín því ég er elstur af alsystkinum mínum. Ég man lítið eftir fyrstu mánuðunum í Breiðholtinu en þegar ég óx og vitkaðist aðeins þá fannst mér alveg frábært að vera þarna. Það var svo mikið af krökkum og alltaf eitthvað að gerast. Við vorum oft í fótbolta allan daginn og pabbi eða mamma kallaði af svölunum á kvöldin að væri matur. Svo fór-um við út aftur því í alvöru tal-að þá vorum við oft í fótbolta fram á nótt. Þarna var pínulitill grasbali sem við lékum okkur á og kölluðum að sjálfssögðu litla Wembely. Nú finnst mér ótrúlegt að við höfum getað spilað fót-bolta á þessum bletti. Á sumrin fórum við helst ekki inn nema til þess að borða eða á klósettið.

Fór aftur í Hólabrekkuskóla

Þegar ég var tíu ára fluttum við í raðhús við Kambaselið í Seljahverfinu sem pabbi byggði svona nánast með ber-um höndunum eins og menn gerðu á þeim tíma. Þá fór ég úr Hólabrekkuskóla í Seljaskóla og var þar í tvö ár. En ég saknaði gömlu félaganna svo mikið að ég fór aftur yfir í Hólabrekkus-kóla þótt við byggum áfram í Kambaselinu. Mér gekk held-ur ekki eins vel í skólanum og einkunnirnar lækkuðu. Ég man fyrsta daginn þegar ég kom aft-ur í Hólabrekkuskóla og félagar mínir komu fagnandi á móti mér. Gömlu félagarnir vissu ekki um að ég væri aftur búinn að skipta og kominn í Hólabrekkuskóla á nýjan leik. Þeir fögnuðu mér að það var frábær stund. Ég sé ekki eftir að hafa skipt. Ég sökkti mér í félagslífið í Hólabrekkuskóla og svo síðar í Versló eftir að þang-að kom. Pabbi keyrði mig all-taf í gegnum Fellahverfi og út í Hólabrekkuskólann þangað til að ég lauk grunnskólanum. Hóla-brekkuskóli var frábær skóli. Við fengum mikla hvatningu frá kenn-urunum og mikið félagslíf var í skólanum. Sumir kennaranna eru vinir manns enn þann dag í dag. Ég get nefnt kennara á borð við Þorstein Sæberg, Björgin Þórisson, Trausta Björnsson og Sigurð Língdal sem var fyrstur manna til þess að kenna mér leik-list, fagið sem ég endaði síðar í. Sigurjón Fjellsted var skólastjóri og það var mjög skemmtilegt að vera í skólanum.

Dagsferðir í Elliðaárdal

Ef við vorum ekki í skólanum þá vorum við niðri á velli í fót-bolta eða að sparka í vegginn eins og maður gerði í klínu. Maður var þarna endalaust. Svo fór-um við stundum í ferðalög. Þá tókum við nesti með okkur og hjóluðum niður að Elliðaáam eða niður í Viðidal. Við félagarnir hjóluðum þangað og borðuðum nestið, reyndum að veiða horn-



Ungir Frammarar á góðri stund. Rúnar Freyr er neðst til hægri.

sili og gerðum auðvitað margt fleira. Þetta voru dagsferðir þarna niður eftir. Við fórum hins vegar lítið yfir í Fellahverfið. Ein fyrsta minning mín um það er þegar ég fór þangað á þríhjóli með mömmu. Þá réðst einhver á mig og reyndi að stela hjólinu. Mamma rétt gat bjargað mér. Það var alltaf einhver hasar þarna á milli og maður þorði ekki að fara þangað. Ég held að þetta hafi verið mjög sérstakt og nær óþekkt eða alveg óþekkt úr öð-um borgarhvefum. Að það væri svo mikill rígur á milli svæða og krakkar þyrðu ekki að fara nokkur hundruð metra á milli. Maður ólst upp við “Fellavilling-ana” eins og krakkarnir þar voru kallaðir.

Fimm ára á fótboltaæfingu

Ég fór á fyrstu fótboltaæfing-una hjá Leikni á afmælisdaginn minn 29. apríl 1978. Ég var fimm ára. Ég fór bara einn. Það var svo skítið í gamladaga. Þá fóru krakkar allt einir. Hver myndi senda fimm ára krakka einan á fótboltaæfingu í dag. Ég æfði með Leikni í tvö ár en byrjaði svo með Fram þegar ég var sjö ára. Sjö ára - og við urðum að taka tvo strætó úr Hólahverfinu niður í Safamýri þar sem Fram var með sína starfsemi. Við strák-arnir gerðum þetta allir. Tókum tvo strætóa. Ástæðan fyrir því að við fórum í Fram var að Pét-ur sonur Marteins Geirssonar, sem þá var fyrirliði landsliðsins og mikill Frammari var einn úr okkar hóp. Ég sé ekki eftir því vegna þess að það var æðislegt að vera í Fram og ég var þar í 13 ár. Ég held enn með Fram og geri eflaust alltaf. Einu sinni Fram-mari alltaf Frammari. Fyrir utan mömmu og pabba þá voru það Frammararnir sem ólu mig upp. Við vorum þar oft í viku allt árið um kring. Við vorum við að tyrfa völinn með þeim og hjálpa til



Rúnar Freyr Gíslason, leikari og leikstjóri.

við bygginguna þegar þeir voru að byggja húsið. Maður var bara alltaf þarna.

Og um kvöldið kom litla systir

Annan mars 1981 vorum við strákarnir niðri á fótboltavelli og sáum allt í einu að sjúkrahill var kominn upp að blokkinni okkar. Við hentum boltanum frá okk-ur og hlupum upp að blokkinni. Þar var Marteinn Geirsson, sem starfaði við sjúkraflutninga með-fram fótboltanum, og hann var að taka manneskju út á börum. Ég horfði lengi á þessa mann-eskju og svo fattaði ég allt í einu að þetta var mamma mín. Þá var hún að fara að eiga. Þetta er alveg ljóslifandi í minningunni. Við stóðum þarna allir og horfð-um á mömmu borna út með kúl-una út í loftið. Og um kvöldið kom litla systir. Ég var átta ára og bróðir minn sjö og fljótlega vorum við farnir að passa systur okkar. Bara við tveir. Það myndi enginn vilja heyra af þessu í dag. Enginn myndi treysta sjö og átta ára krökkum til þess að passa ungþarn. Mín börn eru yngri enn-

þá en ég held að ég myndi ekki láta krakka á þessum aldri passa þau þótt ég hafi passað systur mína.

Sendum enn nýárskort

Uppvaxtarárin í Breiðholtinu voru vissulega skemmtileg en það sem stendur eftir eru vinirn-ir sem maður eignaðist þar. Þeir eru enn bestu vinir mínir í dag. Við bjuggum í sömu blokkinni; Ég, Sigurður Kári Kristjánsson og Pétur Marteinnsson og Gísli Marteinn Baldursson bjó hinum megin við götuna og nokkrir flei-ri strákar bjuggu í nágrenninu og koma við sögu. Við stofnuðum spilafélagið Mána í Hólunum á þessum árum og það er til enn í dag. Við vorum að spila og stund-um að fara í ferðalög og vildum endilega láta félagsskapinn heita eitthvað. Þess vegna varð nafn-ið til. Félagið sendir enn þann dag í dag nýárskort til æskuvina úr Hólabrekkuskóla auk annarra sem við höfum hitt á lífsleiðinni.

Villtu koma þér hingað

Ég kann engar prakkarasögur

af sjálfum mér. Ég held að ég hafi verið lítill prakkari í mér. Ég man að einu sinni ætlaði ég að gerast töffari og ögraði öðrum strák í hverfinu. Ég gekk að honum og hann datt á grindverk. Mamma var stödd úti á svölum og rétt í því sem strákurinn datt á grind-verkið öskraði hún þarna upp á svölunum. “Viltu koma þér hingað” og ég var tekinn svoleiðis í gegn að ég held að ég hafi ekki strítt neinum eftir þetta. Þetta var það eina sem ég man að ég gerði af mér og komst svo ekki upp með það. Einelti var þó alls ekki óþekkt þarna í hverfinu en ég var ekki týpan í það. Ég held að ég hafi fremur verið týpan sem kjaftaði í kennarana ef var verið að pína krakka. Ætli ég hafi bara verið fyrirmyndarnemandi en þó stóð alltaf umsögnum um mig “masar mikið”. Ég hef því trú-lega ekki verið mjög þöglull.

Nú er varla krakki úti

Nú sér maður varla krakka úti í Hólunum. Kannski er hverfið búið að eldast með þessum hætti en endurnýjun ekki orðið það mikil að aftur séu komin börn. Kannski eru þau bara inni. Í tölvunum eða að horfa á sjón-varpið. Alla vegna sést minna af krökkum en þegar ég var að alast upp. Það má vel vera að þessi gamla og góða stemming, sem ég ólst upp við sé í nýju hverfunum sem eru að byggjast núna. Í Graf-arholtinu og nýju Kópavogshverf-unum. Ég veit það ekki. Barna-fólk flykkjast í þessu hverfi og ég veit að það er fullt af krökkum í fótbolta í Breiðabliki í Kópavogi.

Gott að geta gengið í vinnuna

Ég bjó í Kambaselinu alveg þangað til að ég fór að búa sjálf-ur og kynntist Seljunum ágætlega á þeim tíma. Þá fannst manni vera meira af villingum þar en í Hólunum. Seljahverfið er yngra svo að maður var aftur kominn í hverfi þar sem byggingabrag-urinn var enn fyrir hendi. Þegar þangað kom missti ég samband-ið við vinina þangað til að ég flutti mig aftur í Hólabrekkuskól-ann. Ég flutti niður í Hlíðar þegar ég fór að búa sjálfur. Ekki af því að ég væri búinn að fá nóg af Breiðholtinu. Ég var þá farinn að starfa við leikhúsin og nálægðin við þau réð því hvar ég settist að. Mér finnst gott að geta geng-ið í vinnuna og ég er skammt frá Borgarleikhúsinu. Þjóðleikhúsið er nánast líka í göngufæri. Svo finnst mér nauðsynlegt að hafa kaffihúsin við hendina. Það vant-ar alveg þessa kaffihúsastemm-ingu í Breiðholtið. Það hefur ekki einu sinni náðst að byggja hana upp í Mjóddinni. Það er heldur tæpast hægt að tala um hverfis-pubba þar. Breiðholtið er nánast eingöngu íbúðahverfi og fólk fer bara niður í bæ ef það vill hitt-ast. Ég er ekki viss um að þetta eigi eftir að breytast svo mikið.



BREIÐHOLTSLAUG ER LAUGIN Í ÞÍNU HVERFI

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGAR
Virka daga frá kl. **6:30 - 22:00**
Helgar kl. **8:00 - 20:00**

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík





Fjölbautaskólinn
í Breiðholti

Upphaf haustannar 2007

Dagskóli

Föstudagur 17. ágúst

Stundatöflur afhentar 09:00-13:00

Mánudagur 20. ágúst

Skólasetning kl. 10:00

Nýnemakynning að lokinni
skólasetningu

Miðvikudagur 22. ágúst

Kennsla hefst skv. stundaskrá

Kvöldskóli

Netinnritun á www.fb.is

Fimmtudagur 16. ágúst

Innritun á staðnum

frá kl. 17:00 til 19:00

Miðvikudagur 22. ágúst

Kennsla hefst skv. stundaskrá

Jacky Pellerin yfirþjálfari hjá Ægi

Sundfélagið Ægir hefur gengið frá samningi við franska þjálfarann Jacky Pellerin sem er afar reynslumikill þjálfari. Jacky er 44 ára gamall fyrrum sundmaður en sneri sér að þjálfun 19 ára gamall. Hann hefur mikla reynslu sem þjálfari í Frakklandi - Rússlandi og í Bandaríkjunum. Hann hefur t.d. verið landsliðsþjálfari Frakka og þjálfaði nú síðast lítið lið í Toulouse. Jacky kom í heimsókn til Íslands í júlí til að skoða aðstæður og segir hann hina frábæru sundhöll í Laugardalnum vera aðstöðu sem gerist varla betri og sé á heimsmaelikvarða.

Mikil eftirvænting er hjá sundfélaginu með komu nýja þjálfarans en hann mun hafa yfirumsjón með þjálfun allra hópa félagsins þó hann muni mest sjá um beina þjálfun elsta hópsins en sundmenn Ægis eru í fremstu



Jacky Pellerin yfirþjálfari.

röð í íþróttinni hér á landi. Til að byggja upp góðan sundmann er gott að byrja sem fyrst að synda og býður félagið uppá sundæfingar fyrir börn niður í fjögurra ára aldur. Yngstu hóparnir æfa í Breiðholtslaug og helstu áherslu-

atriði í kennslunni fyrir yngstu börnin tengjast hegðun og sundþekkingu sem einkum byggist á eftirfarandi: Gullfiskarnir læra m.a. að mæta stundvíslega. Að fara í gegnum búningsklefa og að haga sér vel og hlusta á þjálfarana. Þegar kemur að sundinu sjálfu er lögð áhersla á eftirfarandi: Öndun. Legu í vatninu / Straumlinu. Grunnhreyfingar í skriðsundi. Grunnhreyfingar í baksundi. Sundtengdir leikir og þátttaka í sundsýningu hjá félaginu. Næstu aldurshópar, Bleikjurnar sem eru 6 til 8 ára synda meira en það eru þau sem æfa í 45 mínútur tvisvar í viku. Laxar 8 til 10 ára æfa tvisvar í viku í 60 mínútur. Brons-hópur, 9 til 12 ára, Silfur-hópur, 12 til 15 ára og Gull-hópur 14 ára og eldri æfa 6 til 10 sinnum í viku í 2 til 3 klst. í senn.

Kristinn og Karen Sif í Belgrad

Kristinn Jaferian og Karen Sif Jóhannsdóttir úr Ægi tóku þátt í Ólympíuleikum Æskunnar sem fram fóru í Belgrad og stóðu sig með þrýði í hitabylgjunni sem þar ríkti í júlí. Allra bestu sundmenn félagsins fóru hinsvegar til

Danmerkur og enduðu tímabilið á að spreyta sig á opna danska meistaramótinu í Árósum.

Margir verðlaunarpeningar lentu í vösum Ægiringanna og Jakob Jóhann Sveinsson tvíbætti Íslandsmetið í 50 metra

bringusundi fyrst í undanrás-um og svo aftur í úrslitun þar sem hann synti á 28,69. Jóhanna Gerða Gústafsdóttir setti nýtt glæsilegt stúlknamet í 400 metra fjörsundi á tímanum 5.07.70.

Tollefsen tekinn við Leikni

Jesper Tollefsen sem er tekinn við sem aðalþjálfari Leiknis stýrði sinni fyrstu æfingu að kvöldi frídags verslunarmanna. Jesper tók við liðinu um helgina og samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Leiknis virtist þessi geðþekki þjálfari vera mjög skipulagður og greinilegt að hann veit hvað hann vill. Heimsíðungur Leiknis spjallaði við Jesper eftir æfinguna og þar kom m.a. fram að hann ætti sér engin áhugamál. Fótboltinn ætti hug hans allan.

Jesper er uppalinn hjá AGF og byrjaði sem unglingaþjálfari hjá félaginu þar sem hann þjálfaði 14 ára, 16 ára og 18 ára liðin. Síðan varð hann aðstoðarþjálfari og yfirmaður unglingaakademíunnar. Eftir það lág leið hans til FC Árósa þar sem hann starfaði sem aðalþjálfari. Eftir tvö ár í Árósum hélt hann til Hjörning í dönsku 2. deildinni og þaðan aftur til AGF sem aðstoðarþjálfari. Jesper segir á heimasíðu Leiknis það mikla áskorun fyrir sig að hafa fengið tækifæri til þess að starfa sem aðalþjálfari á Íslandi og hann fái þar tækifæri til þess að kynna



Jesper Tollefsen mættur á Leiknisvöllinn í Breiðholti.

íslenska boltanum betur. Hann kveðst trúa á svæðisvörn en ein-

nig vilja láta leikmenn sína pressa. Hann trúir einnig á góða uppbyggingu sem hann segir grunninn að öllum liðum og byggja þurfi sókn og vörn upp með skipulegum hætti. "Ég er hrifinn af því að nota svæðisvörn, ég trúi statt og stöðugt á hana. Fram á við vil ég láta leikmennina senda hratt og ákveðið á milli sín. Ég vil líka láta mína leikmenn pressa en við verðum að sjá til hvar liðið er núna og hvað við getum gert. Ég vil að við höldum boltanum og skorum mörk, verum hættulegir þegar við höldum boltanum innan liðsins. Stundum getur verið sniðugt að nota langar sendingar með hinu, þetta fer mikið eftir því hvernig leikurinn spílast," segir hinn danski þjálfari. Undir lok spjallsins á heimasíðu Leiknis gantast heimsíðungur nokkuð við Tollefsen og spurði þjálfarann sem nýkominn er til landsins um hvað hann hafi hugsað þegar hann sá klúbbhús Leiknis. "Þetta er klúbbhús og ég held að það sé vatn í sturtunum, er það ekki annars? Fyrir mér þarf þetta alls ekki að vera neitt skrautlegt, flott eða áberandi."

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyrningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NÁMSMENN!

Í vetur verður frítt í strætó fyrir framhalds- og háskólanema á höfuðborgarsvæðinu. Nú geturðu lesið blöðin, sötrað kaffi og eignast nýja vini á leiðinni í skólann. Allt frítt.

Nánari upplýsingar á rvk.is/betristraeto og á straeto.is



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Svavar Stefánsson

Virðing fyrir lögunum

Senn haustar að, við finnum að dagarnir styttest. Hinar björtu sumarnætur eru að baki og kvöldhúmið leggst að fyrir með hverjum degi. Að baki er gjöfult og gott sumar og flestir landsmenn hafa notið óvenju góðrar tíðar, bjartra daga, sólar og milds veðurfars. Þessi góða tíð hefur sannarlega glatt landsmenn og okkur er sagt að sjaldan, ef nokkurn tíma fyrir, hafi bæði landsmenn og erlendir ferðamenn verið eins víðförlir um landið og í sumar. Það er sannalega gleðiefni að fá að njóta náttúru landsins og töfra okkar góða lands, efla hug og auka krafta til að takast á við störf og daglegt líf þegar dagarnir styttest. Við stöndum í þakkarskuld við Skaparann og ættum að muna að þakka honum góða tíð og gjöfuna. Ekkert í þessu lífi er sjálfsgætt eða sjálfgefið.

Ýmsar hátíðir hafa verið haldnar víða um landið í sumar. Margir kaupstaðir og kauptún halda hátíðir til að laða til sín fólk, kynna byggðarlög sín og sveitir, huga að arfi sínum og sögu og það er allt gagnlegt og gott út af fyrir sig. Stundum finnst manni þó

brenna við að slíkar hátíðir séu haldnar til þess helst að auka tekjur þjónustuaðila og auka umsvif í plássunum. Það hefur verið áberandi á sumum þessara hátíða að drykkja og vímuefnaneysla hefur verið meiri en góðu hófi gegnir. Það hafa því oft verið annir hjá lögreglu að halda uppi lögum og reglu og mótssvæðin verið heldur sóðaleg eftir helgarhátíðir. Þessar hátíðir og aukin ferðalög hafa valdið því að hefðbundnar ferðahelgar eins og t.d. nýliðin verslunarmannhelgi, hafa orðið umsvifaminni en áður var og gott var að heyra að hátíðahöld verslunarmannhelganna þetta árið fóru víðast vel og þrúðmannlega fram.

En ýmsir skuggar hafa þó fylgt ferðalögum og skemmtunum sumarsins, eins og reyndar áður. Banaslys, alvarleg umferðarslys þar sem fólk hefur hlotið varanleg örkuml og líkamsmeiðingar hafa orðið og eiga margir um sárt að binda þess vegna og eiga samúð okkar óskipta. Að ýmsu leyti hefur mér fundist af ummælum lögreglu-fólks og yfirvalda að virðing fólks fyrir lögum landsins fari þverrandi. Hraðaakstur bíla og bifhjóla

hefur fæst í vöxt og það sem er kannski verra, að margir ökumenn sinna ekki lögbundinni skyldu um að hlýða fyrirmælum lögreglu. Einnig hafa líkamsmeiðingar og ofbeldi gagnvart fólki verið fyrirferðamikið umræðuefni og ekki að ástæðulausu. Hefur jafnvel verið svo í einstaka tilvikum að veist hefur verið að lögreglufólki, á það ráðist og þverrandi virðing borin fyrir störfum þess. Þetta agaleysi gagnvart landslögum og fyrirmælum lögreglu er slæmt því þeim er ætlað að vernda bæði sökudólga og saklausa borgara. Hér er alls ekki verið að ásaka einstaklinga sem hafa verið í fréttum, heldur miklu fremur vil ég hvetja fólk almennt til að bera virðingu fyrir lögum og reglu og minnst þess að lögreglan og yfirvöld eru í störfum sínum af bestu getu að vernda líf og heilsu fólks, gæta velferðar okkar en ekki að ofsækja neinn.

Það er okkur hollt umhugsunarfni að hingað til höfum við borið virðingu fyrir lögnum. Þeim arfi og þeirri hugsun skulum við ekki glata né vanvirða. „Með lögum skal land byggja“, var sagt forðum og þau orð eru í fullu gildi.

Um 200 nemendur í Hraunbergi



Léttuveit nemenda í Tónskóla Sigursveins á æfingu.

Um 200 nemendur sækja nám í Tónskóla Sigursvein í Hraunbergi 2 í Breiðholti. Auk forskóla er kennt á flest hljóðfæri og tilheyrandi bóklegar greinar.

Tónskóli Sigursveins er einn fjölmennasti tónlistarskóli landsins með 550 nemendur. Höfuðstöðvar skólans og skrifstofa eru á Engjateigi 1.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur skrifar:

Við upphaf skólagöngu

Innan tíðar byrja skólar landsins starfsemi sína og þúsundir nýir nemendur hefja skólagöngu í fyrsta sinn. Flest sex ára börn hafa beðið spennt eftir að ná þessum áfanga á meðan önnur kunna að kvíða honum.

Þótt börn í fyrsta bekk séu öll fædd á sama árinu og tilheyra þar af leiðandi sama þroskaskeiðinu er félags- og tilfinningaþroski þeirra mislangt á veg kominn. Þættir sem þessi aldursþróun á þó oftast sameiginlega er að athyglisgáfa fer sívaxandi, þau eru forvitin, spyrja margt og gera kröfur um aukið frelsi og val. Börn á þessum aldri leitast við að líkja eftir fyrirmyndum sínum og finnast athafnir fullorðinna spennandi. Fleira sem einkennir þetta aldursstadium er að þau eiga það til að láta kjánalega, vilja láta á sér bera og taka jafnvel áhættur. Aðgreining einstaklingsins frá öðrum verður skarpri, vinir eru að verða æ mikilvægari á sama tíma og börn á þessum aldursstadium byrja að skilja hvað felst í samvinnu og samkennd. Keppnisandi, persónulegur metnaður og aukið frelsi í samskiptum verður jafnframt meira áberandi.

Hvernig mætum við þörfum þeirra?

Þörfum þessa aldursþróunar er best mætt með því að gefa þeim tækifæri til að móta eigin lífsstíl og smekk sem samræmist aldri og þroska þeirra hverju sinni. Atriði eins og að leyfa þeim að takast á við lausnarmiðuð verkefni, koma með tillögur og vera spurð álits þegar tilefni gefst til stuðlar að auknum vitsmunabroska. Orðaforða og hugtakaskilning má örva með því að tala við börnin og leyfa þeim að hlusta á samtöl fullorðinna. Verkefni svo sem að líta, líma, púsla og sauma eru vel til fundin með það að markmiði að styrkja og þroska fínhyrningar.

Að byrja í skóla

Góður undirbúningur undir skólagöngu getur skipt sköpum hvað varðar almenna vellíðan barnsins í skólanum. Góð byrjun eykur líkur á því að barninu farnist vel öll grunnskólaárin. Jákvætt viðhorf þess til nemandahlutverksins og skólagöngunnar er sá þáttur sem líklega vegur hvað þyngst bæði til lengri og skemmrir tíma. Undirbúningur er aðallega í höndum foreldra en leikskólarnir leggja sannarlega sitt af mörkum.

Undirbúningurinn felur í sér að ræða við barnið um skólann, skólagönguna og mikilvægi náms. Ennfremur að ræða um stundvísir, mikilvægi þess að sýna kurteisi, koma vel fram við aðra krakka í skólanum og hlýta fyrirmælum. Barnið þarf einnig að vita að ef því líður illa eða það hefur orðið vitni af neikvæðum upptökum, beri því að segja foreldrum eða kennara frá því.

Undirbúningur undir íþróttum og sundkennslu felst m.a. í að þjálfarni leiði til fullnægjandi færni í aðstæðum sem þessum þarf barnið að fá tækifæri til að spreyta sig sjálft undir handleiðslu foreldranna helst áður en eða um það leyti og skólaganga hefst.

Samskipti foreldra og skóla

Þegar skólinn er hafinn vilja foreldrar gjarnan fylgjast vandlega með námsframvindu barna sinna. Það má gera með ýmsum hætti svo sem að innna þau eftir heima-lærdómnum og vera í reglulegu sambandi við skólann. Líður í eftirfylgninni felst m.a. í því að fá að

líta á afraksturinn þegar barnið hefur lokið við daglegt heimanám. Áhugi foreldranna á námi og námsframvindu barna sinna gefur barninu aukna vissu um að menntun sé mikilvæg. Áhugi foreldranna veitir barninu ákveðið aðhald og hefur þau áhrif að barnið verður líklegra til að vilja leggja sig enn meira fram fyrir vikið.

Telji foreldrar að barnið fái ekki viðeigandi hvatningu og örvun í skólanum, eða að námsefnið sé ekki nægjanlega við hæfi er mikilvægt að hafa samband við kennara. Aðrir þættir sem kallað gætu á frekari samskipti foreldra við skólann umfram venjubundin samskipti er ef stórvægilegar breytingar eru í aðsigi, ef fjölskyldan hefur orðið fyrir einhverjum áföllum eða ef vandamál eru á heimilinu sem foreldrar telja að sé mikilvægt að skólinn viti um.



Kolbrún Baldursdóttir.

Quiznos SUB

fjölskyldu-matsölustaður

Nýbýlavegi 32

Rennibraut og Böttaland

Viltu vinna í þínu hverfi? Þá höfum við störf fyrir þig í eftirtöldum leikskólum.

Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

Deildarstjórar

Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Ösp, Löufelli 16, sími 557-6989/896-2109

Sérkennsla, þroskaþjálfari eða sérkennari

Ösp, Löufelli 16, sími 557-6989/896-2109

Leikskólakennari/leiðbeinandi

Árborg, Hlaðbæ 17, sími 587-4150
Bakkaborg, Blöndubakka 2, sími 557-1240
Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
Fálkaborg, Fálkabakka 9, sími 557-8230
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517-2560
Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-7275
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
Hraunborg, Hraunbergi 10, sími 557-9770
Jöklaborg, Jöklaðeli 4, sími 557-1099
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199
Rauðaborg, Viðarási 9, sími 567-2185
Rofaborg, Skólakot 6, sími 567-2290
Seljaborg, Tunguseli 2, sími 557-6680
Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350
Suðurborg, Suðurhólar 19, sími 557-3023
Ösp, Löufelli 16, sími 557-6989/896-2109

Allar upplýsingar um störfin veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannabjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á www.leikskolar.is



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

Nú setjum við Markið á lága verðið!

-50% Það er nóg eftir af góða veðrinu.
Njóttu þess með okkur.

Mættu á útsöluna hjá Markinu og fáðu þér hjól,
hjólafatnað, línuskauta, leiktæki og hlaupaskó
með allt að 50 prósentu afslætti.



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Spilar með í vetur ef skrokkurinn leyfir

Ólafur Sigurjónsson, betur þekktur sem Óli Zico er aðstoðarþjálfari m.fl.ka. í handknattleik, en hann er nú tekinn tali. Óli er einn af fáum sem hefur verið hjá ÍR í meira en 10 ár. Hann hefur verið um 11 ára þegar hann fór að iðka íþróttir hjá ÍR. Hann var í fótbolta upp í 4.fl. samhlíða handboltanum en fór svo í fótbolta í Fjölni þegar í 3.fl. var komið. Hann hélt þó alltaf áfram handknattleiksíðkun sinni. Hann hefur spilað í m.fl. síðan 1993, ef undanskilið er eitt ár á Spáni. Hann hefur tvisvar komið að þjálfun hjá félaginu, í fyrra og svo fyrir mörgum árum síðan. Hann lék til úrslita í bikarleiknum árið 2005 og vann þar sætan sigur með félögum sínum. Annars hefur Óli spilað með m.fl. í ein 14 ár. Hann hefur þótt ansi liðtækur og var t.a.m. valinn í landsliðshóp árið 1999 ásamt Ragga Óskars og Didda. Hann hefur spilað með öllum þeim ÍR-ingum sem eru atvinnumenn í dag. Spilað með öllum þessum "gömlum" og var Eyjólfur Braga fyrsti þjálfarinn hans. Óli er sannkallaður jaxl og með risastórt ÍR hjarta.



Íslandsmeistarar ÍR.

ar sem var kostinn efnilegasti leikmaður DHL deildar karla 2007?

Já ég tel hans skarð hafa verið fyllt. Ísleifur, sonur Sigga Gunn, er kominn til baka, en hann var bikarmeistari með hópnum 2005. Hann er sterkari varnarlega en Björgvin en þó ekki eins mikil markamaskína. Svo eru komnir Sigurmann, Manni úr FH og Eimar Krúger úr Fylki. Einnig er kominn heim frá Danmörku hann Kalli, litli bróðir Nonna línumanns, en hann var líka í bikarliðinu, tveggja metra línumaður. Það að falla niður um deild var ástæðan fyrir því að sumir fóru, menn vildu spila heldur í Úrvalsdeildinni. Það getur þó verið góður plús fyrir þá ungu að vera í 1.deildinni í ár til að aðlagast. Það er skýrt markmið hjá okkur og það er að ná beint upp aftur. Við erum að byggja aftur upp nýtt lið. Stemmaingin í hópnum í dag er góð, það eru erfiðar æfingar en strákarnir eru samviskusamir og duglegir. Fjöldinn í hópnum nú er um 26 til 28 í heildina en æfingahópnum verður skipt í m.fl.A og m.fl.B sem er blanda úr 2. og 3.fl. Svo mun ég spila í vetur ef skrokkurinn heldur áfram að vera í lagi.

Í 1.deildinni á komandi vetri spilar FH, Fylkir, Grótt, Haukar2, Höttur, Selfoss og Víkingur fyrir utan ykkur. Ertu búinn að sjá fyrir þér hvar liðin raða sér í sæti að vetri liðnum?

Allavega þau sem raða sér í efstu fjögur sætin. Við verðum í 1.sæti, FH í 2., Selfoss í 3. og Víkingar í 4. Mig langar að segja að þegar nýja húsið verður klárt þá á ÍR að vera í efstu deild og halda sér þar. Ekki

sóa því. Það þarf að búa til hefð að halda sæti í efstu deild, það er ekki nema 2 til 3 ár.

Bláa höndin, stuðningsmannafélag ykkar, er með ýmsar uppákomur fyrir stuðningsmenn. Ertu með innlegg til þeirra?

Meðlimir mættu vera duglegri að skrifa pistla á heimasíðuna, koma þar með skemmtilegar athugasemdir og svo er gott að gagnrýna. Einnig mætti hafa fleiri skemmtilegar uppákomur í hálfleik.

Hvað hefur þú um yngri flokksstarfið að segja?

Ég var svolítið inni í því í fyrra með minn flokk og fylgdist með æfingum annarra. Ég hef heyrt að Unglingaráðið hafi ráðið til sín einn yfirþjálfara, sem er mjög jákvætt, en það hefur vantað að hafa ákveðna stefnu í öllum flokkum. Þetta hefur ekki verið til og vonast ég til að sjá breytingu þar á, hafa eins konar markmiðssettan forskóla fyrir meistaraflokk.

Ert þú hjátrúarfullur fyrir leiki eða kanntu að segja frá skemmtilegri hjátrú sem þú þekkir frá leikmanni?

Ég er ekki hjátrúarfullur fyrir leiki en reyni þó að spila í sömu treyjunni. Rútínan hjá mér er að koma í góðum tíma fyrir leik, fá mér kaffi og slaka á áður en ég klæði mig. Þetta er ákveðið ferli til að ná upp andlegri stemmingu. Það er gaman frá því að segja að ég veit að Robbi Rabbs fór beint á klósettið eftir að hann kom í hús fyrir hvern einasta leik sem ég spilaði með honum. En það eru til dæmi eins og sumir sem hafa spilað með sama svitabandið síðan í 6.fl. og svona.

Að lokum, hvernig fékkstu viðurnefnið Zico?

Ég fékk það þegar ég var nýorðinn 5 ára. Þetta var þegar HM var á Spáni árið 1982. Ég og fleiri fórum í fótbolta eftir leik og skoraði ég með hjólhestaspyrnu rétt eins og Zico gerði á HM. Einn af þeim sem var á staðnum og hélt á lofti viðurnefninu var Finnbogi Grétars.

Þökkum við Óla fyrir að gefa sér tíma í þetta viðtal og vonumst við svo sannarlega að hann, Erlendur Ísfeld og strákarnir negli sæti í úrvalsdeildinni að ári. Í næsta blaði verður reynt að ná tali af Birni Halldórssyni yfirþjálfara júdódeilda ÍR.

Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Davíð Már og Ásgeir Þór léku við þá bestu



Breiðhyltingarnir Ásgeir Þór Magnússon fyrir miðju og Davíð Már Stefánsson til hægri, ásamt félaga sínum Þóri Guðjónssyni. Myndin er tekin eftir Norðurlandamótið í knattspyrnu. Mynd sjs.

Breiðhyltingar áttu tvo fulltrúa á Norðurlandamótinu í knattspyrnu um síðustu mánaðamót, þar sem áttust við landslið skipuð piltum undir 17 ára að aldri. Í liði Íslands voru þeir Davíð Már Stefánsson úr ÍR og Ásgeir Þór Magnússon úr Leikni, báðir fæddir árið 1991, og tóku þeir þátt í öllum fjórum leikjum Íslands á mótinu.

Leikir fóru fram á leikvöngum í nokkrum bæjum og borgum á Jótlandi, s.s. Vejle, Fredericia og Kolding. Ásgeir Þór Magnússon var annar tveggja markanna íslenska liðins og Davíð Már Stefánsson lék yfirleitt sem afturliggjandi tengiliður, en var þó einnig kantmaður í leik gegn Svíum. Þeir eru báðir á eldra árinu í þriðja flokki karla. Fyrsti leikur þeirra var gegn Englandi 30. júlí sl. og var jafnræði með liðunum lengst af, en Englendingar náðu þó að skora tvö mörk í síðari leikhluta. Í leik gegn Svíum daginn eftir mátti ekki á milli sjá hvort liðið

var betra, en Svíar voru heppnir og skoruðu sigurmark undir lok leiksins og urðu á endanum sigurvegarar á mótinu. Í leik gegn Finnnum voru Íslendingar yfir með tveimur mörkum gegn engu og þremur gegn einu, en með mikilli heppni náðu Finnar að jafna í 3:3. Í lokaleiknum sigruðu Íslendingar Færeyinga með þremur mörkum gegn engu.

Þetta voru fyrstu landsleikir flestra piltanna og var leikur liðsins stífgandi. Ásgeir Þór og Davíð Már stóðu sig með þryði sem og aðrir piltar. Aðstæður til knattspyrnuíðkunar var hin ákjósanlegasta, einkum á leikvöngunum í Kolding og Fredricia - og ekki þurfti að kvarta yfir veðrinu, en það snerist úr íslensku vorveðri í danskt sumarveður eftir því sem á leið. Í ferðinni hafa piltarnir án efa aflað sér góðrar reynslu sem mun nýtast vel.

Stefán Jóhann Stefánsson.

Valdís Anna og Snorri í Belgrad

Þau Valdís Anna Þrastardóttir og Snorri Sigurðarson kepptu fyrir hönd Íslands á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (European Youth Olympic Festival) í Belgrad Serbíu 23. til 27. júlí sl. Mótið er mjög sterkt og fjölmennt með um 3000 keppendur á aldrinum 15-16 ára sem koma frá 48 Evrópulöndum og kepptu í 12 keppnisgreinum. Margt af frjálsíþróttafólkinu hafði einnig keppt og jafnvel sigrað á Heimsmeistaramóti unglunga 17 ára og yngri sem fram fór í Tékklandi tveimur vikum áður en það segir mikið um styrk mótsins. Valdís Anna keppti í spjótcasti

og Snorri í 800 metra og 1500 metra hlaupi. Valdís Anna varð í 16. sæti með 40.00 metra sem er hennar næstbesti árangur en hún á best 41.67 m. Þetta er mjög góður árangur hjá henni og var um tíma spurning hvort hún næði inn í úrslit með þennan árangur og vantaði hana ekki mikið upp á en það er mjög erfitt að ná sínum besta árangri á sínu fyrsta stórmóti. Snorri náði ekki að bæta sig í sínum hlaupum þó hann væri mjög nálægt því enda aðstæður mjög erfiðar fyrir langhlaup, hiti á bilinu 35 til 48°C og varla nokkur vindur sem kældi andrúmsloftið.

Íslandsmeistarar í frjálssum

Lið ÍR sigraði heildarstíga-keppni á 81. Meistaramóti Íslands í frjálssum íþróttum sem var haldið á Sauðárkróki helgina 28. til 29. júlí sl. og eru því Íslandsmeistarar félagsliða 2007. Lið ÍR hlaut samtals 238 stig, lið FH varð í öðru sæti með 216 stig og lið Breiðabliks í þriðja sæti með 145 stig.

Sigurinn er afrakstur sjö ára uppbyggingarstarfs sem hófst með endurskipulagningu á öllu starfi yngri flokka frjálsíþróttadeildar ÍR árið 2000. Árið 2001 sigraði lið ÍR Meistaramót 12 til 14 ára og sami kjarni sigraði síðan Unglingameistaramót Íslands árin 2004, 2005 og 2006. Þessi sami kjarni unglunga náði nú árið 2007 að landa Íslandsmeistaratitli félagsliða í karla og kvenna-flokki samanlagt með aðstoð þrautreyndra eldri keppnismanna. Þetta var kærkominn sigur og hlupu allir ÍR-ingar sem vettlingi gátu valdið sigurhringinn að keppninni lokinn með fána og bikara meðferðis.

Þeir ÍR-ingar sem komust á pall voru eftirtaldir. Bryndís Ernstsóttir



Íslandsmeistarar ÍR.

ir varð í fyrsta sæti í 1500 metra hlaupi og í öðru sæti í 3000 metra hlaupi. Friða Rún Þórðardóttir varð fyrst í 3000 metra hlaup og þriðja í 800 metra hlaupi. Kristín Birna Ólafsdóttir varð í fyrsta sæti í 100 metra grindahlaupi og í fjórða sæti í 400 metra grindahlaupi. Hulda Þorsteinsdóttir varð efst í stangarstökki og önnur í þristökki Þóra

Kristín Pálsdóttir varð önnur í 1500 metra hlaupi. Jóhanna Ingadóttir varð í öðru sæti í langstöckinu og þristökki og Fanney Björk Tryggvadóttir varð í öðru sæti í stangarstökki. Einar Daði Lárusson átti síðan góðan dag á mótinu og var í fyrsta sæti bæði í 110 metra grindahlaupi og 400 metra grindahlaupi.

GETRAUNANÚMER ÍR ER

109

Svínaúllas * Svínalundir * Svínahnakki * Svínakótelettur * Svínaskankar * Svínahakk * Svínasnitset

Svínaúllas
kílóverð nú:

798

KR.

Svínalundir
kílóverð nú:

1398

KR.

EKKERT
BRUÐ!

Grúsaveisla í Bónus!

Svínakótelettur
kílóverð nú:

898

KR.

Svínahnakki
kílóverð nú:

898

KR.

Nýtt kortatímabil!

Svínahakk
kílóverð nú:

498

KR.

Svínaskankar
kílóverð nú:

198

KR.

20 þúsund bakkar af íslensku svínakjöti!

Svínasnitset
kílóverð nú:

798

KR.

PÓSTLISTINN
bonus.is

EKKERT
BRUÐ!